

Fundargerð svæðisráðs Vatnajökulsþjóðgarðs Suðursvæði 23. fundur

Svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs – Suðursvæði

Fundur var haldinn í svæðisráði suðursvæðis **miðvikudaginn, 3. nóvember 2010** í Ráðhúsi á Höfn **kl. 20:00**.

Mætt voru: Hjalti Þór Vignisson, Björn Ingi Jónsson og Guðrún Ingimundardóttir. Skúli Skúlason, Hrafnhildur Hannesdóttir og Sigurlaug Gissurardóttir voru í síma. Einnig Regína Hreinsdóttir.

Gengið var til dagskrár:

1. Fjárlög 2011

Þórður Ólafsson, framkvæmdastjóri var á fundi undir þessum lið. Gerði Þórður grein fyrir fjárlögum 2011 og áherslur garðsins á milli 1. og 2. umræðu fjárlaga.

2. Starfsemi á suðursvæði 2010

Regína Hreinsdóttir kynnti það helsta í starfsemi á suðursvæði árið 2010.

3. Áherslur svæðisráðs vegna aðgerða á grundvelli verndaráætlunar á Suðursvæði

Farið yfir verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir suðursvæði. Svæðisráðið er sammála um að mikilvægt er að ráðast í byggingu á þjónustuhúsum fyrir fyrirtæki í Skaftafelli sem fyrst og stækka veitingaaðstöðu. Þá er mikilvægt að fjölga merktum gönguleiðum á Heinabergssvæði, reisa göngubrú á Kolgrímu og á Hólmsá til að opna svæðið betur fyrir útivistarfólki.

4. Önnur mál

Fundi slitið